

## **Reifun á úrskurði nr. 7/2015 - Tollflokkun á göngubretti fyrir þolprófsmælingar**

*117. gr. tollalaga, túlkunarreglur tollskrár*

*Tollflokkun. Göngubretti.*

### **1. Málavextir**

Kærð var ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á göngubretti fyrir þolprófsmælingar að gerðinni T2100 treadmill. Kærandi óskaði leiðréttingar við tollafgreiðsluna án þess þó að tiltaka nákvæmlega í hvaða tollskrárnúmer hann teldi að flokka bæri vöruna. Taldi kærandi að um væri að ræða göngubretti sem væri fylgihlutur við rafhjartarita. Meginröksemdir kæranda eru að göngubrettið hafi verið rangt tollflokkað með tilliti til gerðar þess og notkunarmöguleika. Ekki sé um hefðbundið göngu- eða hlaupabretti að ræða, engir skjáir eða borð séu á umræddu göngubretti og það sé aðeins hægt að nota með því að tengja það tölvu með flóknum búnaði til að fylgjast með hjartariti, blóðþrýstingi o.fl. hjá hjartasjúklingum eða fólki í áhættuhóp við áreynslu.

### **2. Niðurstaða Tollstjóra**

Tollstjóri féllst á kröfu kæranda og taldi umrætt göngubretti ekki ætlað til almennrar líkamsræktar eins og þau hlaupabretti sem að öllu jöfnu flokkast í vörulið 9506. Ljóst væri að ekki er hægt að nota umrædda vöru sjálfstætt. Vöruna er einungis hægt að nota í sambandi við hjartarita og telst því fylgihlutur þeirrar vöru. Í athugasemd 2 b við kafla 90 í tollskránni segir að fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru nothæfir til tiltekinnar vélar skuli flokkast með þeim tegundum véla. Rafhjartaritari flokkast í tollskrárnúmer 9018.1100 og því skyldi varan flokkast í sama númer, sem fylgihlutur við rafhjartarita, samkvæmt túlkunarreglu 1 og 6 og athugasemd 2 b við kafla 90 í tollskránni.